



Ljómýnd: Margrét Þórunn Ólafsdóttir & Akureyri



Ljómýnd: Gíli Ólafsson, Ljómýnd: Margrét Þórunn Ólafsdóttir & Akureyri



Eiðsvöllur og umhverfi / Eiðsvöllur and surroundings

Árið 1858 hófst mannvist á Oddeyri í þessu húsi sem stóð á lóðinni þar sem nú er Norðurgata 31. Frumbyggjar Oddeyrar voru hjónin Jósef Grímsson gullsmiður og Ingibjörg Þorvaldsdóttir. Þegar myndin er tekin var frú Nielsine Sophie Jensen flutt í húsið og hafði bakarí í eldhúsinu og seldi brauð, aðallega til Gránufélags. Frú Jensen er lengst til hægri á myndinni.

One of the first houses of Oddeyri was built in 1858 and stood on the ground of Norðurgata 31. It contained a bakery that madame Jensen, who is to the far right on the picture, ran.

Á Eiðsvelli var tún þar sem erlendir hermenn hreiðruðu um sig í seinna stríði. Síðar kom til tals að byggja ráðhús fyrir bæinn, slökkvistöð eða verkalyðshöll á vellinum. Íbúar í nágrenninu mótmæltu og Fegrunarfélag Akureyrar (stofnað 1949) lagði þeim lið enda stóð í aðalskipulagi bæjarins 1927 að þarna skyldi vera „opin skemmtigarður“ – sem varð úr. Lengst til vinstri er braggi frá stríðsárunum. Þar fyrir neðan er Norðurgata 31, háreist hús með risi.

During the World War II foreign soldiers barracks were located on Eiðsvöllur. Later the plan came up to built on the field. Locals protested the idea and pressed to maintain what they referred to as their open amusement area. Furthest to the left is a bunker from the war times.

Árið 1945 byggði smiðurinn Haraldur Kristján Jónsson Eiðsvallagötu 6, bjó á efri hæðinni en leigði út þá neðri. Hann ólst upp í Bólu í Skagafirði og festist nafnið við húsið. Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) var með verslunarrekstur á jarðhæðinni frá 1949-1975. Í Bólu var einnig Sólvallabúðin og síðar Eiðsvallabúðin sem Jóhannes Jónsson keypti 1956 og rak undir eigin nafni. Gengið var um norðurdyr (sjá mynd) inn í verslun Jóhannesar sem bauð upp á ýmsan heimilisvarning í samkeppni við KEA, þó ekki mjólk, kjöt og brauð.

Built in 1945 the house was from 1949-1975 an important part of the community housing concurrently two grocery stores, one operated by the coop KEA and the other individually owned.




Gamli Lundur er lengst til vinstri, fyrsta húsið á Oddeyri, byggt 1857. Þar byrjaði Gránufélagið kaupskap. Árið 1984 byggði Jón Gíslason eftirlíkingu af gamla Lundi á sama stað. Fjær er hús frú Jensen við Norðurgötu 31 og snýr ljósum stafni í okkur. Á milli er Eiðsvöllur. Húsin nær eru við vestanverða Norðurgötu, fjærst Prentsmiðjan (Norðurgata 17) og í miðið hús Snorra Jónsonar timburmeistara (Norðurgata 11). Þessi tvö standa enn. Húsið næst var flutt og stendur í Fróðasundi 10A. Myndin er tekin 1882.

Photo from the year 1882 of the Oddeyri area. Eiðsvöllur is located to the far left. Some of the houses still exist.



Hluti af aðalskipulagi Akureyrar sem Tryggvi Þórhallsson ráðherra staðfesti hinn 1. september 1927. Þar var gert ráð fyrir svokölluðum bæjarvelli sem árið eftir fékk nafnið Eiðsvellir. Í tímans rás hefur nafnið breyst í Eiðsvöllur. Merktu húsin á kortinu standa enn. Minna kortið sýnir hvernig götuskipan og byggingar eru árið 2015.

Part of the master plan for Akureyri from the year 1927. Eiðsvöllur was already then planned for as an "open amusement area". The marked houses on the map still exist. The blue lines on the smaller map show how the town has evolved.



Jóhannes Jónsson (1883-1968), glímukappinn frægi, fæddist í Barði en ólst upp á Oddeyri. Hann tók þátt í Ólympíuleikunum 1908 í London en hélt síðan í viking, fór um lönd, sýndi glímu og tókst á við menn og jafnvel birni. Þegar Jóhannes sneri heim aftur, tveimur áratugum síðar, réðist hann í að byggja Hótel Borg í Reykjavík. Hann var einn af stofnendum Ungmennafélags Akureyrar (UFA).

Jóhannes Jónsson was born 1883 and raised in the area of Oddeyri. He took part in the 1908 London Olympic games and became a famous wrestler travelling to many countries. He was one of the founders of the Akureyri Youth Club.

www.visitakureyri.is

